

## Fundargerð 75. Héraðsþings USVH 11. apríl 2016

- Klukkan 18.00**
1. Þingsetning
  2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd
  3. Skýrsla stjórnar og reikningar
  4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
- Klukkan 18.30**
5. Ávörp gesta
  6. Lagðar fram tillögur fyrir þingið
- Klukkan 19.00**
7. Nefndarstörf
- Klukkan 20:00**
- Matarhlé
- Klukkan 21:00**
8. Ályktanir nefnda
- Klukkan 22.00**
9. Kosningar
    - a) Formaður til tveggja ára
    - b) Ritari til tveggja ára
    - c) fyrsti varamaður til eins ára
    - d) annar varamaður til eins árs
    - e) þriðji varamaður til eins árs
    - f) tveir skoðunarmenn til eins árs
    - g) tveir skoðunarmenn til vara til eins árs
  10. Önnur mál
- Klukkan 22.30**
11. Þingslit

## 1. Þingsetning

Reimar Marteinson setur þingið og býður þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna, Gestir þingsins eru; Auður Inga Þorsteinsdóttir frá UMFÍ, Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ og Þórey Edda Elísdóttir frá ÍSÍ.

Ber upp tillögu að þingforseta, Guðmundur Haukur Sigurðsson, samþykkt samhljóða.

## 2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd

Guðmundur Haukur tekur til starfa sem þingforseti og þakkar það traust sem honum er sýnt. Aðrir starfsmenn þingsins eru;

Ritarar; Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,

Kjörbréfanefnd; Þorsteinn Guðmundsson, Kolbrún Stella Indriðadóttir og Ragnheiður Sveinsdóttir.

## 3. Skýrsla stjórnar og reikningar

Reimar Marteinson kynnir skýrslu stjórnar. (sjá meðfylgjandi skýrslu stjórnar USVH).

Elín Jóna Rósinberg kynnir reikninga sambandsins (sjá meðfylgjandi ársreikning USVH).

## 4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga, enginn biður um orðið. Ársreikningur borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

## 5. Ávörp gesta

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ, Þórey Edda Elísdóttir í stjórn ÍSÍ og Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ.

Auður ávarpar þingið og ber kveðjur frá Hauki Valtýssyni formanni UMFÍ og öðrum starfsmönnum UMFÍ. Hún talar um hversu ánægjulegt það hafi verið að kynna sér skýrslu stjórnar og það góða starf sem unnið er í héraðinu.

Auður talar um að mikill vöxtur sé í ungmennastarfi UMFÍ og hvetur gesti þingsins til að kynna sér það sem er í boði.

Minntist á hreyfivíkuna, hversu áhugavert verkefni það er og hvetur gesti þingsins til að taka þátt í því verkefni. Hún þakkar einnig gott boð um að koma á fundinn. Auður vill sæma Þorleif Karl Eggertsson starfsmerki fyrir störf sín í þágu ungmennafélagsins. Óskar okkur að lokum velfarnaðar í störfum á þinginu.

Þórey Edda Elísdóttir tekur næst til máls, hún er fyrsti varamaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Talaði um áhugaverð verkefni innan ÍSÍ, Lífshlaupið og Hjólað í Vinnuna. Minnti á heimasíðu ÍSÍ þar sem finna má ýmsan fróðleik. Minntist einnig á nýtt skráningarkerfi hjá ÍSÍ og UMFÍ. Skil á starfsskýrslum 15. Apríl. Biður fyrir kærum kveðjum frá forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórninni. Guðmundur Haukur veitti móttöku á gullmerki frá ÍSÍ fyrir störf sín í þágu hreyfingunnar undanfarin ár.

Þingforseti þakkar gestum fyrir og biður formann kjörbréfanefndar að gera grein fyrir störfum sínum. Kolbrún Stella kynnir fulltrúa þingsins, seturétt á þinginu eiga 40 fulltrúi og mættir eru 29 fulltrúar og telst þingið því löglegt. Frá Umf. Kormáki: Ómar Eyjólfsson, Magnús Vignir Eðvaldsson, Kristín Ólafsdóttir, Ragnheiður Sveinsdóttir, Birkir Snær Gunnlaugsson, Þorsteinn J. Guðmundsson, Heiðar Örn Rúnarsson, Þórdís Helga Benediktsdóttir, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, Elín Jóna Rósinberg og Pétur Arnarson. Frá Hestamannafélaginu Þyt; Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir, Jóhanna Helga Sigtryggsdóttir, Vigdís Gunnarsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Kolbrún Stella Indriðadóttir og Halldór Sigfússon. Frá Umf. Gretti; Elísabet Sif Gísladóttir, Regína Ólína Þórarinsdóttir, Álfheiður Ösp Haraldsdóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir. Frá Umf. Víði; Júlíus Guðni Antonsdóttir, Ragnar Bragi Ægisson, Pétur Þ. Baldursson og Þórir Óli Gunnlaugsson. Frá Sundfélaginu Húnum; Rannvá Björk Þorleifsdóttir og Þorleifur Karl Eggertsson. Frá Umf. Dagsbrún; Sara Ólafsdóttir, Rakel Ósk Ólafsdóttir og Hulda Einarsdóttir. Enginn fulltrúi mættir frá Umf. Hörpu.

## 6. Lagðar fram tillögur fyrir þingið,

Þingforseti leggur fram tillögur stjórnar USVH fyrir þingið og fara þær fyrir nefndirnar.

Þingforseti nefnir að þrjár nefndir eru starfandi á þinginu en það eru íþróttanefnd, allsherjarnefnd og fjárhagsnefnd- og uppstillingarnefnd. Þingforseti leggur fram fjárhagsáætlun USVH vegna ársins 2016 og er henni vísað til fjárhags- og uppstillingarnefndar.

7. Nefndarstörf, nefndir taka til starfa,

Tillaga um að umræðustjóri sé kosinn úr hverri nefnd fyrir sig auk ritara.

## Matarhlé

8. Ályktanir nefnda

**Íþróttanefnd**, umræðustjóri er Vigdís Gunnarsdóttir kynnir umræður íþróttanefndar en auk hennar sátu í nefndinni Jóhanna Helga Sigtryggsdóttir, Sara Ólafsdóttir, Hulda Einarsdóttir, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, Raket Ósk Ólafsdóttir, Heiðar Örn Rúnarsson, Birkir S. Gunnlaugsson og Þórey Edda Elísdóttir.

Tillögur íþróttanefndar:

75. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. apríl 2016 hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í verkefnum UMFÍ svo sem Landsmót 50+ á Ísafirði og unglingalandsmóti í Borgarnesi á komandi sumri.

Tillagan samþykkt samhljóða.

75. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. apríl 2016 hvetur stjórn USVH til að fara í stefnumótunavinnu um framtíðarsýn á íþróttastarfi í Húnaþingi vestra.

Tillagan samþykkt samhljóða.

75. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. apríl 2016 hvetur stjórn USVH til að fá ítarlega þarfagreiningu fyrir íþróttastarfsemi í Húnaþingi vestra.

Tillagan samþykkt samhljóða.

75. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. apríl 2016 hvetur sveitarstjórn Húnaþings vestra að mæta þörfum iðkenda með endurnýjun á gólfi samhliða stækkun á íþróttamiðstöð.

Tillagan samþykkt samhljóða.

75. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. apríl 2016 hvetur sveitarstjórn Húnaþings vestra til að fara í allsherjar skipulagsvinnu á íþróttasvæði uppi í Kirkjuhvammi með tilliti til frjálsíþróttar og annarra íþróttaiðkunnar.

75. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. apríl 2016

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Allsherjarnefnd;** umræðustjóri er Júlíus Guðni Antonson en auk hans sátu Ragnheiður Sveinsdóttir, Þorsteinn J. Guðmundsson, Regína Ólína Þórarinsdóttir, Elísabet Sif Gísladóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Ragnar Bragi Ægisson, Magnús Eðvaldsson, Þórir Óli Gunnlaugsson og Þ. Karl Eggertsson.

Tillögur allsherjarnefndar,

75. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. apríl 2016 hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í almenningsverkefnum ÍSÍ og UMFÍ.

Tillagan samþykkt samhljóða.

75. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. apríl 2016 þakkar sveitarfélaginu Húnaþingi vestra fyrir góðan stuðning og styrk til íþróttá- og æskulýðsstarfs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

75. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. apríl 2016 færir ritnefnd Húna bestu þakkir fyrir frábært starf við útgáfu þessa merka og vandaða rits.

Tillagan samþykkt samhljóða.

75. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. apríl 2016 beinir því til stjórnar USVH að í fjárhagsáætlun verði gert ráð fyrir fjármagni til fræðslumála þjálfara og dómara.  
Eins telur þingið fulla ástæðu til að rýmka reglur styrktarsjóðs og gera hann sýnilegri.

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Fjárhags og uppstillingarnefnd;** umræðustjóri er Ómar Eyjólfsson en aðrir nefndarmenn voru Kolbrún Indriðadóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Þórdís Helga Benediksdóttir, Pétur Þ. Baldursson og Kristín Ólafsdóttir.

Tillögur fjárhags- og uppstillingarnefndar:

75. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. apríl 2016 samþykkir ársreikning USVH fyrir árið 2015 ásamt ársreikningi styrktarsjóðs USVH fyrir 2015.

Tillagan samþykkt samhljóða.

75. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. apríl 2016 samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Tillagan samþykkt samhljóða.

### **9. Kosningar**

- a) Formaður til tveggja ára – Reimar Marteinsson, kjörinn með lófaklappi
- b) Ritari til tveggja ára – Þórey Edda Elísdóttir, kjörin með lófaklappi
- c) fyrsti varamaður til eins árs - Sigurbjörg Jóhannesdóttir, kjörin með lófaklappi
- d) annar varamaður til eins árs – Sara Ólafsdóttir, kjörin með lófaklappi
- e) þriðji varamaður til eins árs, - Ómar Eyjólfsson kjörin með lófaklappi.
- f) tveir skoðunarmenn til eins árs – Ingibjörg Jónsdóttir og Sigrún K. Þórðardóttir, kjörnar með lófaklappi.
- g) einn skoðunarmaður til vara til eins árs – Kolbrún Stella Indriðadóttir- kjörin með lófaklappi.

### **10. Önnur mál**

Viðar Sigurjónsson tekur til máls og þakkar fyrir að fá að koma til okkar. Talar um að íþróttastarfinu sé greinilega vel stjórnað hér á svæðinu. Hann hvetur sambandsaðila til að hafa samband vanti þeim aðstoð með eitthvað og minnir á verkefnið um fyrirmyndarfélög sem hann stýrir. Hann fór enn fremur með tvær vísur fyrir þingið.

### **11. Þingslit**

Þingforseti þakkar gott þing og býður nýkjörnum formanni orðið. Formaður þakkar traust sem honum er sýnt með endurkjöri í formannsembættið. Þakkar hestamannafélaginu Þyt fyrir þingstörf og einnig fyrir góðan mat. Hann horfir bjartsýnn fram á næsta starfsár og slítur þingi kl. 20:40.